

Nd.

767. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928, um prentsmiðjur.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta fer fram á að skylda prentsmiðjur til að gefa 2 eintök af öllu, sem þær prenta, til fleiri bókasafna en nú er lögákveðið. Upphaflega náði frv. aðeins til bókasafnsins á Siglufirði, enda er það flutt af þingmönnum Eyfirðinga. En bókasöfnin eru fleiri og þingmennirnir eru fleiri. Í efri deild bættust við tvö önnur bókasöfn og fyrir hv. Nd. liggja nú brtt. frá 16 þm. um bókaþjálfa til yfir 20 bókasafna. Það er augljóst, að ókleift er að sinna öllum þessum tillögum, slíkt yrði allt of þungur skattur á erfiðri bókaútgáfu hér á landi. Ennfremur er ekki unnt að gera með sanngirni upp á milli hinna einstöku bókasafna. Nefndin leggur því til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð bókaþjálfa prentsmiðjanna til allra þeirra bókasafna, sem nefnd eru í brtt. einstakra þingmanna, yrðu of þungur skattur á bókaútgáfu í landinu, og þar eð erfitt er að mismuna hinum ýmsu bókasöfnum, telur deildin rétt að vísa þessu máli frá, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson,	Thor Thors,	Bergur Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Stefán Jóh. Stefánsson.	Garðar Þorsteinsson.	